

UMHV2SU05

Búið til: Wed, 05 Oct 2022 12:57:59 GMT

Titill

Heimsmarkmið - umhverfi og sjálfbærni

Skammstöfun

UMHV2SU05

Útgáfunúmer

22

Námsgrein

umhverfisfræði

Viðfangsefni

sjálfbærni og umhverfi

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

2

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Í áfanganum er fjallað um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, umhverfismál og sjálfbærni, meðal annars út frá umhverfisvernd, mannréttindum, heilbrigði og félagslegri velferð. Nemendur vinna ýmiss konar verkefni þar sem þeir kynna sér umhverfismál og leitast við að finna lausnir á þeim.

Forkröfur

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- áhrifum loftslagsbreytinga á menningu og náttúru í hnattrænu samhengi
- merkingu heimsmarkmiðanna
- tengslum milli umhverfis, hegðunar neytenda og mannréttinda
- gróðurhúsaáhrifum, orsökum þeirra, afleiðingum, hvar ábyrgðin liggur og mögulegum lausnum
- fjölbreyttum leiðum einstaklingsins til vistvænna lífnaðarhátta

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- tengja heimsmarkmið við umhverfisvernd og hnattrænt jafnræði
- flokka, endurnýta og endurvinna til að minnka umhverfisáhrif - meta áhrif daglegs lífs á umhverfið, meðal annars með því að nýta sér hugtakið vistspor (e. ecological footprint)
- útskýra og beita hugtakinu sjálfbærni
- ræða og rökstyðja hvernig mannréttindi, hagkerfi og umhverfisvernd tengjast sjálfbærni

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vera meðvitaður og gagnrýnnir neytandi
- átta sig á áhrifum hvers einstaklings sem neytanda á umhverfi og samfélög
- taka þátt í nýsköpun sem leiðir til sjálfbærni
- minnka umhverfisáhrif sín með því að velja umhverfisvænar vörur, draga úr sóun og endurnýta eða endurvinna það sem hægt er á skapandi og nýstárlegan hátt

- ræða og túlka á gagnrýnninn hátt upplýsingar sem tengjast umhverfismálum
- vera virkur og ábyrgur þátttakandi í umræðu um umverfismál og mannréttindi

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft símat alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar**Fyrirmynd**